

Nd.

135. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður skal leggja búreikningaskrifstofunni nauðsynlegt starfsfé, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrsla og eyðublaða til innfærslu búreikninga.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Búreikningaskrifstofan skal hafa eftirlit með búreikningum og reikningskilum skólabúa bændaskólanna og annarra ríkishúa, enda sé þeim stofnunum skylt að hlíta eftirliti og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum, sem skrifstofan gerir því til tryggingar, að reikningarnir séu færðir eins og hún leggur fyrir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt í tilefni af tillögu frá Búnaðarfélagi Íslands, er samþykkt var á búnaðarþingi. Er 1. gr. frumvarpsins samhljóða henni. Breyting á 4. gr. laganna telur nefndin nauðsynlega og hefur orðið sammála um að orða hana á þá leið sem gert er í 2. gr. frv. — Nánar í framsögu.